



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Gróðurathugun á efnistökusvæði við Fláajökul, austan Hólmsár

Guðrún Á. Jónsdóttir
Berglind Steina Ingvarsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
AÐFERÐIR	3
LANDSLAG OG GRÓÐUR	3
UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR	4
HEIMILDIR	4
HEIMILDARMENN	4
TEGUNDALISTI FYRIR HÁPLÖNTUR Á EFNISTÖKUSTAD 3	5

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gróður skoðaður á fyrirhuguðu námasvæði sem liggur við austurbakka Hólmsár neðan við Fláajökul. Svæðið nær yfir um 45.000 m² en er á uppdrætti á loftmynd skipt í 3 svæði sem öll tilheyra námu 3 (Vegagerðin 2001).

Í þessari skýrslu er gróðurfari lýst á námasvæði 3. Lagt er mat á verðmæti gróðurs og gerð grein fyrir hvort sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi eða tegundir sé að finna á svæðinu. Áhrif efnistöku á gróður á svæðinu og framvindu hans eru rædd.

Gróðurlýsingin er byggð á vettvangsferð sem farin var 5. júlí 2001 og einnig var leitað í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu plantna.

Aðferðir

Svæðin sem náma 3 nær yfir voru gengin, gróðurfari lýst og tegundir skráðar. Gróðurkortlagning á svæðinu var ekki gerð enda óskaði Vegagerðin ekki eftir því. Svæðið var skoðað með tilliti til þess að grjóti yrði rakað saman af yfirborði landsins og það nýtt til byggingar varnargarðs.

Landslag og gróður

Allt það svæði sem náma 3 nær yfir er á fremur flötum ár- og jökulaurum. Mosi með ívafi af ýmsum algengum tegundum af móaplöntum er einkennandi fyrir gróður svæðisins. Fyrir utan mosann ber mikið á tegundum eins og krækilyngi, hærur og grös um ásamt ýmsum blómjurtum svo sem ljónslappa, lambagrasi og músareyra. Talsvert ber á fléttum í gróðri en þeim var ekki safnað til frekari skoðunar. Mest er um breyskjutegundir (*Stereocaulon* spp.) en aðrar tegundir eru einnig víða svo sem krókar (*Cladonia* spp.), engjaskófir (*Peltigera* spp.) og ormagrös (*Thamnolia vermiculari*). Jarðvegur er lítill en undirlagið aðallega mól og grjót. Svæðið er allt frekar flatt og opið, sums staðar eru gamlir árfarvegir með all grónum lægðum, einkum næst Hólmsá en á milli eru láir malarásar og hólar. Hólar og ásar eru fremur lítið grónir. Gróflega áætlað er meðalþekja gróðurs um 50 % á öllu svæðinu.

Samkvæmt uppdrætti á loftmynd af efnistökusvæði 3 er áætlað að taka efni af 3 aflöngum spildum austan við Hólmsá (Vegagerðin 2001). Vestasta (nyrsta) spildan er samkvæmt uppdrættinum á svæði þar sem gróðuræmur eru nokkuð afmarkaðar í lænum í gömlum árfarvegum en lágir malarásar og hólar eru á milli. Gróðurþekja er gróflega áætluð 70 - 80% í dældum. Á hólum og hryggjum er gróðurþekja mun minni og gróflega áætluð 10 - 25%. Samkvæmt uppdrættinum liggur miðsvæðið um gróðurlitinn hrygg og gróðurmeiri dældir. Austasta (syðsta) spilda efnistökusvæðis 3 liggur á frekar flötu landi með grófri mól og grjóti. Gróður er þar fremur gísinn og þekur gróflega áætlað um 50 % af yfirborðinu að meðaltali. Benda má að syðst virðist þessi spilda fara gegnum slitróttan garð (jökulgarð ?) og kann það að skerða heildar svipmót þessa svæðis eitthvað útlitslega þótt ekki sé þar um neinn sérstakan gróður að ræða.

Tegundafjölbreytni háplantna reyndist töluverð á efnistökusvæði 3 miðað við hve lítið athugunarsvæðið er og gróðurfari lýst við fyrstu sýn. Alls fundust 46 tegundir háplantna við vettvangsathugun á svæðinu. Þar fundust þó hvorki tegundir sem settar hafa verið á valista né tegundir sem friðlýstar hafa verið skv. náttúruverndarlögum (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Ekki er heldur að finna í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands upplýsingar um að friðlýstar tegundir eða tegundir á valista hafi verið skráðar áður á þessu svæði (Náttúrufræðistofnun Íslands 2001).

Umræða og ályktanir

Gróður á efnistökusvæði 3 er fremur rýr og einkennir mosagróður allt svæðið. Auk mosans eru ýmsar móaplöntur algengar svo sem krækilyng, ljónslappi og blávingull og talsvert er um fléttur. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða sérstæð gróðurlendi á svæðinu og engar tegundir sem settar hafa verið á valista eða eru friðlýstar. Gróðurþekja er nokkuð mismikil en gróflega áætluð að meðaltali um 50% á svæði því þar sem náma 3 er fyrirhuguð.

Gróður á svæðinu austan við Hólmsána er væntanlega á mismunandi stigum framvindu eftir því hversu langur tími er síðan jökull hörfaði og áin hætti að flæmast yfir svæðið. Ekki er þó hægt í fljótu bragði að sjá þessi mismunandi stig á því svæði þar sem efnistakan er fyrirhuguð en það svæði hefur væntanlega gróið upp í friði eftir að farið var að halda Hólmsánni í ákveðnum farvegi. Gróðurþekja og tegundasamsetning virðist þar einkum háð undirlagi, raka og því hversu áveðurs er á hverjum stað. Þar sem efnistökusvæðið er ekki stór hluti af þeim svæðum þar sem gróðurframvinda eftir jökulhopun á sér stað skerðir efnistakan líklega ekki verulega möguleika til rannsókna á slíkri framvindu.

Eins og að framan er getið getur gróður á fyrirhuguðum efnistökuastað ekki talist sérstæður eða sérstaklega verðmætur þótt í sjálfu sér beri að líta á allt gróið land sem verðmæti. Ljóst er að gróðurþekja eyðileggst á þeim svæðum þar sem grjót verður numið af yfirborði og má reikna með að ummerki efnistökkunnar sjáist all lengi þar sem gróðurfarmvindan tekur langan tíma. Sá gróður sem nú er á svæðinu er alls staðar nokkurra áratuga gamall þótt einhver munur kunnir að vera á því hversu langt er liðið frá því að jökull og jökulvatn hætti að flæmast yfir mismunandi hluta svæðisins. Efnistakan mun því hafa áhrif á ásýnd svæðisins, einkum í byrjun. Við vettvangsathugun var skoðað svæði þar sem efni var tekið af yfirborðinu fyrir 8 árum (Reynir Gunnarson, munnlegar uppl.) og er það svæði þegar tekið að gróa talsvert upp aftur. Ef halda á náttúrulegu svipmóti á gróðri svæðisins til framtíðar er þó ekki ráðlegt að sá í sárin því það gæti breytt tegundasamsetningu verulega.

Ekki getur talist líklegt að rask eða eyðing gróðurþekju á námsvæði 3 leiði til vindrofs á svæðinu þar sem jarðvegur er nánast enginn en undirlagið er fyrst og fremst mól og grjót.

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Valisti 1, plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2001. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Upplýsingar fengnar úr gagnagrunni í júlí 2001. Óbirt.

Vegagerðin 2001. Gunnmynd varnargarðs. Uppdráttur á loftmynd (1:5000). Óbirt.

Heimildarmenn

Reynir Gunnarsson, Höfn Hornafirði

1. tafla. Tegundalisti fyrir háplöntur á efnistökuastað 3 austan við Hólmsá, við sporð Fláajökuls. Nafngiftir skv. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemanni</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækiling	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðuhnoðri	<i>Sedum annuum</i>
Snæsteinbrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsinii</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>

Vallarsveifgras
Vallhæra
Vetrarblóm
Þursaskegg
Þúfusteinbrjótur

Poa pratensis
Luzula multiflora
Saxifraga oppositifolia
Kobresia myosuroides
Saxifraga caespitosa